



UPPBYGGING AÐSTÖÐU FYRIR FERÐAMENN Í KERLINGARFJÖLLUM

**Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tillögu á nýju
deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum**

25.10.2021



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

5327-006-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 34

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Hartmann Kárason

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Eva Dís Þórðardóttir

LYKILORÐ

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, Kerlingarfjöll, ferðamenn, ferðaþjónusta, gisting, skipulag

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum - Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum

VERKHEITI

Kerlingarfjöll - skipulagsmál

VERKKAUPI

Fannborg ehf.

HÖFUNDUR

Snævarr Örn Georgsson

ÚTDRÁTTUR

Fannborg ehf. hyggur á uppbyggingu og endurbætur á aðstöðu sinni í Ásgarði í Kerlingarfjöllum en þarf til þess að gera breytingar á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Til að liðka fyrir framtíðar skipulagsmálum verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir lóð Fannborgar ehf. Hér eru til umfjöllunar þau umhverfisáhrif sem að framkvæmdirnar gætu haft í för með sér.

Framkvæmd þessi er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. t.l. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er því ekki sjálfkrafa matskyld framkvæmd. Framkvæmdaraðili óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort að lýst framkvæmd sé matsskyld.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Snævarr Örn Georgsson	22.10.21	Eva Dís Þórðardóttir	25.10.21	SÖG	25.10.21
02	Snævarr Örn Georgsson	22.11.21	Eva Dís Þórðardóttir Eftir ath Skipulagsstofnunar	25.11.21	SÖG	26.11.21

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
2	STAÐHÆTTIR, SKIPULAGSÁÆTLANIR OG VERND	8
2.1	Staðsetning og staðhættir	8
2.2	Skipulag	10
2.2.1	Landsskipulag	10
2.2.2	Aðalskipulag	11
2.2.3	Deiliskipulag	12
2.3	Vernd	14
2.3.1	Náttúruminjaskrá	14
2.3.2	Friðlýsing	14
2.3.3	Aðrir valkostir	15
2.4	Tilgangur og markmið	15
2.5	Framkvæmdaraðili	16
2.6	Núverandi aðstaða í Ásgarði	16
2.7	Breytingar á deiliskipulagi	18
2.8	Framkvæmdatími	22
2.9	Leyfisveitingar	22
3	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	23
3.1	Matskylda framkvæmdar	23
3.2	Umhverfisþættir	23
3.3	Landslag og ásýnd	24
3.3.1	Niðurstaða	27
3.4	Gróður	27
3.4.1	Niðurstaða	30
3.5	Jarðmyndanir	30
3.5.1	Niðurstaða	30
3.6	Minjar	31
3.6.1	Niðurstaða	31
3.7	Ferðaþjónusta og ferðamenn	31
3.7.1	Niðurstaða	32
4	SAMANTEKT	33
5	HEIMILDASKRÁ	34

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Horft yfir fyrirhugað uppbyggingarsvæði í Ásgarði, eins og það var sumarið 2021.	7
MYND 2.1	Staðsetning svæðisins á miðhálandi Íslands. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er merkt með rauðum punkt. Kort: Landmælingar Íslands	8
MYND 2.2	Horft yfir svæði Fannborgar í Ásgarði.	9
MYND 2.3	Hluti gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps. Svæðið er innan rauða hringsins.	11
MYND 2.4	Deiliskipulag svæðisins frá 2014. Svæðið sem fellt verður úr gildi með nýju deiliskipulagi er innan rauða rammans.	13
MYND 2.5	Deiliskipulagsbreyting frá árinu 2015.	13
MYND 2.6	Yfirlitskort af friðlýsta svæði Kerlingarfjalla. Ásgarður er innan fjólubláa svæðisins. Mynd: UST	14
MYND 2.7	Núverandi mannvirki í Ásgarði.	18
MYND 2.8	Yfirlit yfir gildandi skipulag fyrir hluta svæðisins. Texti og örvar gefa yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingar.	19
MYND 2.10	Yfirlit yfir svæðið og nöfn bygginga.	20
MYND 2.9	Líkanmynd af fyrirhuguðum breytingum í uppfærðu deiliskipulagi og helstu breytingar merktar inn. Ekki sjást á þessari mynd allar byggingar sem verða mögulega færðar. Áætlað er að t.d. Baðhúsið verði fært þar sem Nípur verða inni á tjaldstæðinu.	20
MYND 3.1	Sýnileiki bygginga í Ásgarði. Taka skal fram að rauðu fletirnir gefa ekki til kynna að sýnileiki sé eins alls staðar heldur einungis að landslag sé þannig að þar sé fræðilega hægt að greina byggingar á Ásgarðssvæðinu.	24
MYND 3.2	Yfirlitsmynd yfir Ásgarð eins og hann lítur út í dag.	25
MYND 3.3	Líkanmynd af Ásgarði að lokinni uppbyggingu. Nýjar aðkomuleiðir að skálum og tjaldsvæði auka kyrrð og náttúruupplifun gesta á meðan þeir dvelja í Ásgarði.	25
MYND 3.4	Fyrirhugað útlit kjarnasvæðisins í Ásgarði að lokinni uppbyggingu. Tekið verður fyrir almenna bílaumferð innan svæðisins.	26
MYND 3.5	Útlit valkosta í umhverfismatinu 2018	26
MYND 3.6	Gróðurkort af Ásgarði [6].	28
MYND 3.7	Byggingarreitir fyrir gildandi deiliskipulag (blátt) og tillaga að breyttum byggingarreitum (rautt). Athuga skal að sú úfærsla sem hér sést á vegum og bílastæðum meðfram Ásgarðsá er til viðmiðunar. Rauð punktalína utan um svæðið er tillaga að deiliskipulagsmörkum og gul punkta lína er lóðarmörk Fannborgar. Græn punktalína er tillaga að gönguleiðum innan svæðisins.	29

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2.1	Hluti töflu í kafla 4.1.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði bls. 57-58 í greinargerð.	12
TAFLA 2.2	Hluti töflu í kafla 4.5.2 Hverfisverndarsvæði bls. 69 í greinargerð.	12
TAFLA 2.3	Núverandi byggingar í Ásgarði	17
TAFLA 2.4	Fjöldi og samsetning gistirýma m.v. mismunandi valkosti í umhverfismatinu 2018, núverandi aðstöðu og fyrirhugaða breytingartillögu núna árið 2021/22.	21
TAFLA 2.5	Fyrirhugaðar breytingar á byggingum.	21
TAFLA 3.1	Fjöldi og samsetning gistirýma m.v. mismunandi valkosti í umhverfismatinu 2018, núverandi aðstöðu og fyrirhugaða breytingartillögu.	32
TAFLA 4.1	Yfirlit yfir umhverfisáhrif vegna breytingar á deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.	33

1 INNGANGUR

Fannborg áformar að hefja framkvæmdir við hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum, þar sem rekin er aðstaða fyrir ferðamenn og útivistarfólk. Gert er ráð fyrir að byggja nýja gístaðstöðu, endurgera allar eldri byggingar og færa hluta þeirra til innan svæðisins, svo rýma megi til fyrir nýjum byggingum. Athafnasvæðið í Ásgarði verður endurskipulagt og þá einkum umferðarskipulag og bílastæði. Einnig verður fráveitukerfi á svæðinu endurnýjað samhliða byggingu nýrra húsa. Framkvæmdasvæðið er í Hrunamannahreppi. Megin leiðin þangað liggur um Kerlingarfjallaveg frá Kjalvegi. Áhrifasvæðið er fyrst og fremst umsvifasvæðið í Ásgarði og allra næsta nágrenni.

Uppbyggingaráform á svæðinu hafa áður farið í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum og lauk því ferli með álit Skipulagsstofnunar þann 24. apríl 2019. Nú stendur til að draga úr þeim áformum sem þar voru til umfjöllunar og breyta uppröðun og ásýnd bygginga. Til þess að það sé hægt þarf vinna nýtt deiliskipulag fyrir reit Fannborgar, og falla þessar breytingar undir tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vakin er athygli á því að þar sem uppbyggingaráformin hafa þegar farið í gegnum fullt umhverfismat þá eru hér einungis til umfjöllunar þær breytingar sem verða frá þeim áformum, ekki verður fjallað um það sem þegar hefur verið metið í umhverfismati.

Fannborg ehf. óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort að lýst framkvæmd sé matskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



MYND 1.1 Horft yfir fyrirhugað uppbyggingarsvæði í Ásgarði, eins og það var sumarið 2021.

2 STAÐHÆTTIR, SKIPULAGSÁETLANIR OG VERND

2.1 Staðsetning og staðhættir

Kerlingarfjöll eru fjallaklasi á sunnanverðum Kili, skammt í suðvestur frá Hofsjökli, á vatnaskilum Hvítár og Þjórsár. Þau eru þyrping tinda og eggja sem ná yfir u.þ.b. 150 km² svæði. Fjöllin sjást mjög langt að og eru hæstu tindarnir í um 1.500 m hæð yfir sjó. Árnar Ásgarðsá, sem rennur í Hvítá, og Kisa, sem rennur í Þjórsá, skipta fjöllunum nánast í tvo klasa, vestur- og austurfjöll. Fjöllin draga nafn sitt af klettinum Kerlingu, sem er 25 m hár móbergsdrangur sem stendur í ljósri líparítskriðu sunnan í Kerlingartindi í vestanverðum fjöllunum. Í Austurfjöllunum er hæsti og hrikalegasti hluti svæðisins. Hæstu tindarnir eru Loðmundur, 1.432 m og Snækollur, sem er hæstur 1.477 m. Af Vesturfjöllunum ber hæst tindana Ögmund 1.352 m og Hött 1.295 m.

Í Kerlingarfjöllum er eitt af öflugri háhitasvæðum á hálendinu, staðsett í miðjum fjallaklasanum og afmarkast af nokkrum tindum, sem taldir eru vera úr brúnum á stórum eldíg sem þarna hefur verið. Meðal þeirra má nefna Mæni, Hveradalahnjúk, Fannborg, Hött og Ögmund. Í hlíðum sumra fjallanna eru smájökklar, sem hafa minnkað mjög á síðustu áratugum.



MYND 2.1 Staðsetning svæðisins á miðhálendi Íslands. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er merkt með rauðum punkt. Kort: Landmælingar Íslands

Um 5 kílómetra sunnan Ásgarðs eru Hveradalir en þar er jarðhiti hvað mestur í Kerlingarfjöllum. Hveradalir greinast í Vesturdali, Miðdali og Austurdali. Hverirnir þar eru gufu- eða leirhverir. Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin auk þess sem sérstæður gróður vex í nágrenni við hverina. Fjölbreytni og litauðgi svæðisins er því mikil.

Farvegur Ásgarðsár er þröngt gil hið efra sem opnast í lítinn dal skömmu áður en áin rennur í Jökulfallið. Í þessum litla og frekar þrönga dal sem nefndur er Ásgarður, er meginastaða Fannborgar. Dalurinn er ágætlega gróinn meðfram ánni, en hefðbundinn melagróður er í hlíðum hans ofanverðum.

Vegna þrengsla í Ásgarði þá er svæði til bygginga frekar lítið, þar sem brekkan þrengir að á annan veginn en reglan um 50 m frísvæði frá vatnsbakka er takmörkun á hinn veginn. Byggðin er aðallega austanvert í dalnum, en hann liggur nánast frá norðri til suðurs og liggur að hluta á grónu landi en að hluta á eða við jaðar melagróðursins. Þaðan sem húsin standa austanvert við ána, er takmarkað útsýni og þá helst til norðvesturs gegnum mynni dalsins. Til suðurs eða í átt að Hveradölum er takmarkað útsýni, þó sjást nokkrir af helstu fjallstindum klasans, mismunandi þó eftir því hvar staðið er í dalnum. Af þessu leiðir að staðsetning núverandi og fyrirhugaðra bygginga í Ásgarði er ákjósanleg þar sem þær falla vel inn í landslagið

Kjalvegur, vegur 35 í númerakerfi Vegagerðarinnar, einn fjögurra stofnvega á hálendinu, er sú megin samgönguleið sem aðkoma í Kerlingarfjöll byggir á. Umsýsla og eignarhald á samgöngumannvirkjum að og frá Kerlingarfjallasvæðinu, er á forræði Vegagerðarinnar, sem veghaldara á Kjalvegi og Kerlingarfjallavegi og að einhverju leiti nálægra sveitarfélaga sem veghaldara á vegslóðum um svæðið milli Hvítár og Þjórsár.



MYND 2.2 Horft yfir svæði Fannborgar í Ásgarði.

Svæði Fannborgar er afmörkuð lóð, Ásgarður L223398, sem er 5,5 ha að stærð. Elsta húsið á svæðinu er sæluhús sem reist var um miðja síðustu öld. Nú eru þar 15 byggingar og gistirými fyrir allt að 150 manns.

2.2 Skipulag

2.2.1 Landsskipulag

Í kafla 1.1. Víðerni og náttúrugæði segir „Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarmínja.“

Í kafla 1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst.“

Í kafla 1.2 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi segir: „Uppbygging ferðamannaáðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.“

Í kafla 1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna segir: „Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða: – Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálandið og í jaðri þess. – Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálandið.“

Kerlingarfjöll eru skilgreind sem hálandismiðstöð þar sem gert er ráð fyrir samfelldri ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímam. Hér á eftir er skilgreining Landsskipulagsstefnu á hálandismiðstöð og hvernig stefna um þjónustu og uppbyggingu í Ásgarði samræmist stefnu Landsskipulagsstefnu :

LANDSSKIPULAGSSTEFNA	RÖKSTUÐNINGUR
<i>Eru staðsettar við meginleiðir um hálandið.</i>	Ásgarður er skammt frá Kjalvegi, annarri helstu meginleið yfir hálandi Íslands.
<i>Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða.</i>	Á svæðinu verður gisting í húsum og á tjaldsvæði. Rekstraraðili mun sjá um fræðslu og eftirlit og býður upp á veitingar.
<i>Gisting er almennt í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldsvæða. Einnig möguleiki á að bjóða upp á hótél- og gistiheimilagistingu, sbr. reglugerð 585/2007, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun.</i>	Í boði verður eftirfarandi gisting: <ul style="list-style-type: none">- Tjaldsvæði- „Glamping“- Gisting í stökum gistiskálum- Gistiheimili- Svefnpokalássi- Uppábúnum rúmum Nú þegar er töluverður fjöldi bygginga og mannvirkja á svæðinu en stefnt er að því að bæta óbyggðaupplifun með betra skipulagi í Ásgarði. Byggingar og bílastæði eru færð til innan svæðisins. Umferð um svæðið er betur stýrt til að svæðið, einkum meðfram ánni í dalbotninum, sé sem friðsælast þar sem náttúran er ásýnd gesta sem sækja svæðið.
	Svokallað Baðhús verður fært að Nýpunum og verður innréttað sem stórt sameiginlegt eldhús og borðaðstaða. Gestir í svefnpokalássum og tjaldsvæði munu því hafa aðgang að fullbúinni eldunar- og borðaðstöðu. Gestir í uppábúnum herbergjum munu einnig hafa aðgang að þessari aðstöðu. Í nýju gistiskálunum innan við Öldu verður eldunaraðstaða fyrir gesti í hverjum og einum skála.


Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.

Yfir sumarið verður samfelld ferðaþjónusta og eftirlit. Áratugalöng hefð er fyrir vetrarferðamennsku í Kerlingarfjöllum og verður þeirri sögu haldið lifandi með starfsemi yfir veturinn, ekki samfelldri þó. Vetrarferðir verða á meðan jörð er frosin og koma gestir á vegum Fannborgar í bílum á vegum Fannborgar, ekki á einkabílum. Lágmarks starfsemi undir eftirliti verður á vorin þegar frost er að fara úr jörðu. Umferð á svæðinu á viðkvæmum tímum verður í samráði við t.d. Umhverfisstofnun.

Nýtt deiliskipulag og uppbygging verður í samræmi við Landsskipulagsstefnu þar sem verið er setja markvissari ramma utan um þá starfsemi sem er á svæðinu heldur en er í gildandi deiliskipulagi, og setja ákvæði um uppbyggingu í betri sátt við umhverfið og viðkvæma náttúru á svæðinu.

2.2.2 Aðalskipulag

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 var staðfest í ársbyrjun 2018 [1]. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir þeirri uppbyggingu sem nýtt deiliskipulag mun fjalla um. Svæðið heitir AF15 í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Landnotkun er afþreyingar og ferðamannastaður á sveitarfélagsuppdrætti.



MYND 2.3 Hluti gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps. Svæðið er innan rauða hringins.

Stefna sveitarfélagsins á afþreyingar -og ferðamannasvæðum er m.a. að huga sérstaklega að öryggi ferðamanna s.s. með bættu þjónustustigi á hálandissvæðum. Segir um svæðið í gildandi aðalskipulagi:

TAFLA 2.1 Hluti töflu í kafla 4.1.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði bls. 57-58 í greinargerð.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr. Heiti	Lýsing	Jörð
AF15 Kerlingarfjöll	Gert er ráð fyrir hálandismiðstöð með aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila, upplýsingar, auk fjölbreyttrar afþreyingar- veitinga- og gistiþjónustu. Boðið verður upp á gistingu á tjaldsvæði, í gistiskálum og hótél/gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti af gistiframboðs og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir að allt að 300 gestir geti gist í húsum. Gert er ráð fyrir að metið verði hvort halda skuli í núverandi ásýnd svæðisins og yfirbragð mannvirkja eða móta nýtt yfirbragð með það að markmiði að styrkja ásýnd svæðisins. Unnið er að umhverfismati fyrir uppbyggingu starfseminnar. Stærð svæðis er allt að 20 ha. Unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið en einnig tengjast aðrar leiðir og afþreyingarsvæði í Kerlingarfjöllum Ásgarðssvæðinu.	Afréttur

Svæðið er einnig undir hverfisvernd í gildandi aðalskipulagi en þar er vitnað í að unnið sé að friðlýsingu svæðisins sem svo öðlaðist gildi árið 2020. Umhverfisstofnun hefur upplýst Fannborg og sveitarfélagið um að á næstu mánuðum verði unnin verndaráætlun fyrir svæðið.

TAFLA 2.2 Hluti töflu í kafla 4.5.2 Hverfisverndarsvæði bls. 69 í greinargerð.


NR. HEITI	LÝSING/SKILMÁLAR
HV1 Kerlingarfjöll/ Leppistungur	Landslagsheild suðvestan Hofsjökuls, suður fyrir Kerlingarfjöll. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Svæðið nær meðal annars inn í friðland Þjórsárvera og tekur yfir Kerlingarfjöll sem eru á náttúruminjasrá (732). Unnið er er að friðlýsingu svæðisins í samvinnu við nágrannasveitarfélög og Umhverfisstofnun og afmörkun þess skilgreind ásamt friðlýsingarskilmálum. Stærð rúmlega 330 km ² . Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs og hina sérstöku náttúru Kerlingarfjalla og óheimilt er að dreifa framandi tegundum s.s. plöntutegundum sbr. reglugerð 583/2000. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi fólks um verndarsvæðið. Ríðandi mönnum er aðeins heimil för á merktum reiðleiðum, vegum eða slóðum. Hundar skulu vera undir tryggri stjórn og ekki valda truflun fyrir gesti eða dýralíf. Umferð reiðhjóla er heimil á vegum slóðum eða stígum svo ekki hljótist af náttúruspjöll. Óheimilt er að tjalda utan merktra tjaldsvæða nema hvað göngufólki er heimilt að göngutjöldum en gæta þess að valda ekki spjöllum á náttúrunni. Mannvirki skulu, sem kostur er, miða að verndarsvæðið verði sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Heimild er til takmarkaðrar orkunýtingar en eingöngu til nota innan verndarsvæðis. Allar nýjar framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar. Engar nýjar framkvæmdir eru heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi.

Nýtt deiliskipulag verður í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem sett verða ákvæði um núverandi starfsemi og uppbyggingu með áherslu á að ásýnd styðji við hálandisupplifun ferðafólks og að umhverfisáhrif verði í lágmarki. Nýtt deiliskipulag verður unnið í virku samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélagið.

2.2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag, Hrunamannahreppur, *Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum*, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Veruleg breyting var unnin árið 2015 og var hún staðfest í sveitarstjórn þann 01.08.2015. Einnig var unnin óveruleg breyting á deiliskipulagi árið 2021. Unnið er að nýju deiliskipulagi á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Gildandi skipulag er flókið í framsetningu og tekur til mun fleiri svæða en reits Fannborgar. Eftir samráð við skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu og sveitarfélagið var metið að ákjósanlegast væri að vinna nýtt deiliskipulag og við gildistöku þess mun reitur Fannborgar falla úr gildi, úr gildandi deiliskipulagi.

Einnig er í vinnslu breyting á gildandi deiliskipulagi vegna nýs landvarðahúss fyrir starfsmann Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að sú skipulagsbreyting taki gildi í febrúar 2022.



MYND 2.4 Deiliskipulag svæðisins frá 2014. Svæðið sem felt verður úr gildi með nýju deiliskipulagi er innan rauða rammans.



MYND 2.5 Deiliskipulagsbreyting frá árinu 2015.

2.3 Vernd

2.3.1 Náttúruminjasrá

Kerlingarfjöll eru svæði nr. 732 á náttúruminjasrá og segir um það [2]:


„732. Kerlingarfjöll, Árnessýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. (2) Stórbrotið og litrikt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.“

Uppbyggingarsvæðið í Ásgarði er utan þessa svæðis.

2.3.2 Friðlýsing

Kerlingarfjöll voru friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2020 og er uppbyggingarsvæðið í Ásgarði innan marka þeirrar friðlýsingar. Um friðlýsinguna segir á vef Umhverfisstofnunar [3]:

„Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, en fjöllin hafa í áratugi verið vinsæll áfangastaður göngu- og skíðafólks.“



MYND 2.6 Yfirlitskort af friðlýsta svæði Kerlingarfjalla. Ásgarður er innan fjólubláa svæðisins. Mynd: UST

Í auglýsingu um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum segir [4]:

„Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landslagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásýnd þess. Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þess. Friðlýsingunni er ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu.“

Fyrirhuguð uppbygging er liður í því að uppfylla markmið friðlýsingarinnar um að efla útivist í Kerlingarfjöllum og stuðla að aukinni sjálfbærni í nýtingu, stjórnun og rekstri. Þar sem að svæðið er friðlýst er Umhverfisstofnun leyfisveitandi á svæðinu. Unnið verður náið með Umhverfisstofnun við gerð deiliskipulags og við allar framkvæmdir innan svæðisins.

2.3.3 Aðrir valkostir

Uppbyggingaráform á svæðinu fóru í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum árið 2018 og í því ferli voru skoðaðir fjórir mismunandi valkostir, þar á meðal að breyta engu, svokallaður núllkostur. Þær hugmyndir sem hér eru til umfjöllunar eru áframhaldandi þróun af valkosti tvö sem þótti koma best út úr umhverfismatinu. Sá valkostur gerði ráð fyrir hóflegri uppbyggingu og samtals gistirýmum fyrir 150 gesti og er hann notaður til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir.

2.4 Tilgangur og markmið

Fannborg hefur rekið gistiþjónustu og veitingasölu í Ásgarði í yfir 50 ár, en starfsemin miðaði í byrjun við þá sem dvöldu á Kerlingarfjallasvæðinu við skíðaiðkun. Mannvirkjagerð mun að mestu eiga sér stað við hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum í Ásgarði.

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 voru Kerlingarfjöll skilgreind sem skálasvæði [5]. Stefna um skipulagsmál miðhálandisins sem mótuð var í landsskipulagsstefnu 2015-2026 hefur tekið yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálandisins, eftir að það var fellt úr gildi. Í landsskipulagsstefnu er gengið út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða á miðhálandinu.

- Jaðarmiðstöðvar, séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálendismiðstöðvar, séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði, séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel, séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Nánari skilgreining á hálendismiðstöð skv. landsskipulagsstefnu:

- Eru staðsettar við meginleiðir um hálendið.
- Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. –
- Gisting er almennt í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldsvæða. Einnig möguleiki á að bjóða upp á hótél- og

gistiheimilagistingu, sbr. reglugerð 585/2007, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. –

- Gert er ráð fyrir samfelldri ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.

Kerlingarfjöll eru nú skilgreind sem hálendismiðstöð samanber framangreinda flokkun og umfjöllun í kafla 2.21. Vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar þeirra sem heimsækja svæðið, þá er ljóst að bregðast verður við með því að bæta aðstöðu ferðamanna í Ásgarði og er það í samræmi við stefnu Hrunamannahrepps. Tilgangur og markmið Fannborgar með endurbyggingu og frekari uppbyggingu í Ásgarði er að halda áfram sem ábyrgur rekstraraðili sem selur gisti-, veitinga- og ferðapjónustu í hálendismiðstöðinni Kerlingarfjöllum. Ljóst er að það þarf að bregðast við aukinni eftirspurn með því að bæta aðstöðu og skipulag, auka þjónustu og draga úr umhverfisáhrifum og álagi á viðkvæma náttúru. Samhliða uppbyggingu gisti- og veitingastarfsemi verður hér eftir sem hingað til unnið ötullega að því að lágmarka áhrif umferðar og ágangs ferðamanna á umhverfi Kerlingarfjalla í samstarfi við Umhverfisstofnun og sveitarfélagið. Þannig telja forráðamenn Fannborgar að best sé að stuðla að því að gera sem flestum kleift að njóta þessa fallega svæðis á ábyrgan hátt. Markmiðið er einnig að starfsemin verði sjálfbær, bæði fjárhagslega og umhverfislega.

2.5 Framkvæmdaraðili

Framkvæmdaraðili er Fannborg ehf sem hefur rekið gistiþjónustu og veitingasölu í Ásgarði í tæp 60 ár. Umgjörð starfseminnar í Kerlingarfjöllum á rætur að rekja til samnings er gerður var milli Hrunamannahrepps og Fannborgar árið 1964. Samningurinn var gerður til 50 ára og rann út árið 2014. Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsti 14. apríl 2015 eftir aðilum til að nýta lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með landi og landsréttindum innan þjóðlendu á því svæði sem markast af samþykktu deiliskipulagi. Auglýsing var samkvæmt reglum EES. Fannborg gerði í framhaldi af því leigusamning við Hrunamannahrepp um 5,5 ha lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum. Einnig gerði Fannborg samning við Hrunamannahrepp um umsjón og eftirlit með landi og landsréttindum á tæplega 3.000 ha svæði í Kerlingarfjöllum. Gildistími beggja þessara samninga er 25 ár frá 1. júní 2015 til 31. desember 2040.

2.6 Núverandi aðstaða í Ásgarði

Í Ásgarði er hálendismiðstöð sem þjónustar ferðamenn á leið yfir Kjöl en einkum ferðamenn sem koma til að stunda útivist í Kerlingarfjöllum. Þar er nokkur fjöldi skála og bygginga í ýmsum stærðum auk tjaldsvæða og vatnsaflsvirkjunar sem sér svæðinu fyrir rafmagni (virkjunin er fyrir utan skipulagsmörk deiliskipulags). Í Ásgarði eru nú 16 byggingar og gistirými fyrir allt að 167 manns, þar af eru 146 gistirými fyrir gesti. Hús Fannborgar eru mörg orðin gömul, eru illa einangruð og þarfnast viðhalds.

TAFLA 2.3 Núverandi byggingar í Ásgarði

NAFN HÚSS EÐA SKÁLA	ÞRÓUN BYGGINGAR FRÁ ALDAMÓTUM	FJÖLDI GISTIRÝMA
Ferðafélagshús	Húsið var lítið notað fyrstu árin, var gert upp 2013	22
Aðalbygging	Óbreytt allt tímabilið	28
Alda	Nýtt hús opnað 2016.	40
Sælugerði	Að mestu óbreytt, svefnloft stækkað 2014 og fyrirkomulagi breytt	8
La Plata	Húsið gert upp 2006, skipt í tvö tveggja manna herbergi, uppábúið frá þeim tíma	4
Nýpur byggðar á tímabilinu frá 1968 til 1995		
<i>Nýpa 1</i>	Húsið gert upp 2007 skipt í tvö þriggja manna herbergi, uppábúið með sér salerni frá þeim tíma	6
<i>Nýpa 2</i>	Húsið gert upp 2008 og varð frá þeim tíma herbergi, uppábúið með sturtu	4
<i>Nýpa 3</i>	Húsið gert upp 2008 varð frá þeim tíma eitt fjögurra manna herbergi, uppábúið með sturtu	4
<i>Nýpa 4</i>	Húsið gert upp 2012 skipt í tvö tveggja manna herbergi, uppábúið með sturtu frá þeim tíma	4
<i>Nýpa 5</i>	Húsið gert upp 2012 skipt í tvö tveggja manna herbergi, uppábúið með sturtu frá þeim tíma	4
Breiðagerði neðri og efri hæð	Neðri hæðin gerð upp 2007 skipt í fjögur tveggja manna herbergi, uppábúið með sér salerni frá þeim tíma. Efri hæðinni sem var stórt svefnloft, var skipt í tvö tveggja manna herbergi árið 2009 og varð starfsmannaáðstaða frá þeim tíma	12
Brekkukot	Húsið gert upp 2004, skipt í tvö herbergi og svefnloft lagt af	5
Veisa	Húsið gert upp 2002, skipt í tvö herbergi og svefnloft lagt af	3
Gónhóll	Húsið gert upp 2009, skipt í þrjú tveggja manna herbergi og svefnloft minnkað	6
Valdastóll	Óbreytt allan tímann	6
Eyfellshús 1 og 2	Ekki í eigu Fannborgar og félaginu óviðkomandi	11
Samanlagður fjöldi gistirýma		167
Hlutfall gistirýma sem nýtt er fyrir starfsmenn og af eigendum		21 (12%)
Hlutfall gistirýma þar sem eru uppábúin rúm til útleigu		88 (53%)
Hlutfall gistirýma þar sem eru svefnpokapláss til útleigu		58 (35%)

2.7 Breytingar á deiliskipulagi




MYND 2.7 Núverandi mannvirki í Ásgarði.

Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Færsla á gatnamótum og nýr vegur lagður að tjaldsvæðinu.
- Byggingarreitur K færður yfir núverandi veg, þ.a.l. inn á raskað svæði.
- Hestagerði verður færð en í stað þess verður núverandi tjaldsvæði stækkað, er það ósk hestamanna að færa gerðið norðan við Kerlingarfjallaveg.
- Byggingarreitur C færður inn á núverandi tjaldsvæði þar sem að reitur K fer inn á reit C. Reitir C mun hýsa Nýpur og þjónustuhús fyrir tjaldsvæði. Staðsetning Nípa innan byggingarreits C er ekki ákveðin að svo stöddu.
- Minni byggingar sem fyrir eru á svæðinu verða færðar og endurnýttar sem þjónustuhús við tjaldgesti, ef ástand þeirra leyfir.

Í nýja skipulaginu verður gert ráð fyrir 156 gistirýmum fyrir gesti sem er svo til sami fjöldi og valkostur 2, í umhverfismatinu, gerði ráð fyrir og er í boði skv. núverandi aðstöðu. Það er því ekki stefnt að því að fjölga gestum heldur eingöngu breyta skipulagi svæðisins og samsetningu gistirýma. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir heitum pottum og er áfram gert ráð fyrir slíku. Pottarnir verða látnir falla vel að svæðinu t.d. með vönduðu efnisvali og að upplifun þeirra sem þá sækja sé með þeim hætti að þeir séu hluti af umhverfinu og náttúru svæðisins.




MYND 2.8 Yfirlit yfir gildandi skipulag fyrir hluta svæðisins. Texti og örvar gefa yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingar.

Mest breytingin, er færsla á byggingarreit K vestur fyrir veg. Ávinningur þess er margþættur:

- Ekki byggt inn í hlíðina, en því hefði fylgt töluverð jarðvinna og rask á tiltölulega óraskaðri hlíð.
- Verður í staðin byggt á þegar röskuðu svæði, núverandi vegstæði.
- Umferð og bílastæði „falin“ austan við byggingar. Með því er dregið úr ásýnd bílastæða.
- Tekið fyrir almenna bílaumferð eftir bökkum Ásgarðsár eins og kostur er, umferð stýrt.
- Skipulag bílastæða við byggingar og tjaldstæði verða skýr og dregið úr ásýnd þeirra eins og kostur er. Núverandi staða er þannig að bílastæði eru út um allt og ekki skilmerkilegt hvar bílar eiga heima og hvar ekki.



MYND 2.9 Yfirlit yfir svæðið og nöfn bygginga.



MYND 2.10 Líkanmynd af fyrirhuguðum breytingum í uppferðu deiliskipulagi og helstu breytingar merktar inn. Ekki sjást á þessari mynd allar byggingar sem verða mögulega færðar. Áætlað er að t.d. Baðhúsið verði fært þar sem Nýpur verða inni á tjaldstæðinu.

Mikil áhersla er lögð á að allar framkvæmdir falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Er lögð áhersla á að efnisval og litir bygginga verði eins til að draga úr ásýnd þeirra í landslaginu.

TAFLA 2.4 Fjöldi og samsetning gistirýma m.v. mismunandi valkosti í umhverfismatinu 2018, núverandi aðstöðu og fyrirhugaða breytingartillögu núna árið 2021/22.

TEGUND GISTINGAR	VALKOSTUR 1 MÁU 2018	VALKOSTUR 2 MÁU 2018	VALKOSTUR 3 MÁU 2018	VALKOSTUR 4 MÁU 2018	NÚVERANDI	NÝ TILLAGA
Gistirými fyrir starfsmenn og eigendur	29	29	38	24	21	28
Gistirými í útleigu alls – skiptist í a og b:	138	150	279	296	146	156
a. Svefnpokapláss	58	30	30	60	58	70
b. Uppbúið	80	120	249	236	88	86
Heildarfjöldi gistirýma	167	179	317	320	167	184

Líkt og sjá má á töflu 2.4 stefna rekstraraðilar á að fjölga svefnpokaplássum miðað við núverandi stöðu um tólf og fækka uppábúnum rúmum um tvö. Helsti munurinn liggur í bættri aðstöðu fyrir starfsmenn en núverandi aðstaða er mjög bágborin. Verður þannig fjölgað einstaklingsrýmum fyrir starfsmenn. Ný tillaga gerir líka ráð fyrir að fækka uppábúnum rúmum um 34 og fjölga svefnpokaplássum um 40 miðað við valkosti 2 í umhverfismatinu frá 2018.

Útfærsla á öllum helstu innviðum verður áfram sú sama og fjallað var um í valkosti 2 í umhverfismatinu 2018, t.d. vatnsveita, rafveita, fráveita, sorp og úrgangur. Því verður ekki fjallað um þessa þætti hér.

Í töflunni hér að neðan er farið yfir hvernig fyrirhugaðar breytingar hafa áhrif á hverja og eina byggingu.

TAFLA 2.5 Fyrirhugaðar breytingar á byggingum.

BYGGING	AÐGERÐ	TEGUND GISTINGAR	NÚVERANDI FJÖLDI GISTIRÝMA	GISTIRÝMI EFTIR BREYTINGU
Aðalbygging	Fjarlægð		28	
Breiðagerði	Óbreytt	Starfsmannahús		
Alda	Óbreytt	Uppbúið	40	20
Nýbygging	Ný bygging	Uppbúið		56
Nýir gistiskálar	Ný bygging (x3)	Uppbúið		10
Nýpur	Færðar suður fyrir veg að tjaldsvæði	Svefnpokapláss	22	16
Alda	Óbreytt	Svefnpokapláss	0	10
Ferðafélagshús	Óbreytt	Svefnpokapláss	22	18
Veisa	Fært að Nýpum	Svefnpokapláss	3	3
Brekkukot	Fært að Nýpum	Svefnpokapláss	5	5
La Plata	Óbreytt	Svefnpokapláss	4	4
Baðhús	Fært á mitt svæðið. Sameiginlegt eldhús og borðaaðstaða			
Gónhóll	Fært að glamping svæði, þjónustuhús		6	
Sælugerði	Óbreytt	Svefnpokapláss	8	8
Valdastóll	Óbreytt	Svefnpokapláss	6	6

Það skal tekið fram að það er vilji Fannborgar ehf. að í framtíðinni verði Sælugerði og Valdastóll fjarlægð. Fannborg vill ekki neinar byggingar sunnan Ásgarðsár heldur að byggingar verði allar sömu

megin í dalnum, það mun bæta skipulag svæðisins, ásýnd dalsins og auka á óbyggðarupplifun gesta frá núverandi ástandi.

2.8 Framkvæmdatími

Framkvæmdir hefjast um leið og öll tilskilin leyfi liggja fyrir, áform Fannborgar miða við að geta hafið framkvæmdir vor/sumar 2022. Framkvæmdatími er þó stuttur og er eingöngu yfir hásumarið. Mögulega verður hægt að stunda efnisflutninga á öðrum árstímum til að flýta fyrir framkvæmdum.

Mikilvægt er að nýta framkvæmdatíma vel og samþætta framkvæmdir þar sem að svæðið er viðkvæmt og með því að framkvæma eins mikið og hægt er á sama tíma er einnig dregið úr umhverfisáhrifum s.s. vegna aksturs og efnisnýting verður betri.

2.9 Leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

Hrunamannahreppur: Framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, og aðrar framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Framkvæmdir við byggingar eru háðar byggingarleyfi sveitarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Framkvæmdin og reksturinn er háð starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Umhverfisstofnun: Umhverfisstofnun veiti leyfi fyrir framkvæmdum á friðlýstum svæðum sbr. 13. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

3.1 Matskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulíð 13.02 í 1. viðauka laganna, sem fjallar um breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, þá fellur þessi breyting í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu.


3.2 Umhverfisþættir

Framkvæmdin er talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfisþætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstrartíma, og verður fjallað um þau áhrif í þessari greinargerð:

- Landslag og ásýnd
- Gróður
- Jarðmyndanir
- Minjar
- Ferðaþjónusta og ferðamenn

3.3 Landslag og ásýnd

Fyrirhugað uppbyggingarsvæði í Ásgarði er skilgreint sem ein landslagsheild. Ásgarður er afmarkað dalverpi og gefur mynd 3.1 til kynna hversu afmarkaður sýnileiki núverandi mannvirkja er (rauður litur á korti). Sýnileiki er mestur innan Ásgarðssvæðisins sjálfs en mannvirki sjást einnig af fjallstoppum og hlíðum til suðurs. Sýnileiki til vesturs og norðurs er meiri þó aðeins hluti mannvirkja sjáist þar. Landslagsheildin er manngerð að hluta þar sem þarna eru helstu mannvirki Fannborgar, vegslóðir að þeim og að tjaldstæði. Svæðið er gróíð að mestu og Ásgarðsá rennur þar um.



MYND 3.1 Sýnileiki bygginga í Ásgarði. Taka skal fram að rauðu fletirnir gefa ekki til kynna að sýnileiki sé eins alls staðar heldur einungis að landslag sé þannig að þar sé fræðilega hægt að greina byggingar á Ásgarðssvæðinu.

Ólíkt núverandi byggingum, sem eru flestar rauðar og grænar, þá verða nýjar byggingar í dökkum jarðarlitum til að falla betur inn í landslagið. Þær verða jafnframt svipaðar á hæð og á sama svæði. Þó að byggingum verði eitthvað hnikað til þá er það minniháttar þegar horft er til sýnileika út fyrir dalinn. Hvað ásýnd innan dalsins varðar þá mun muna um að engin almenn bílaumferð verður eftir bökkum Ásgarðsár heldur verður botnlangi sem endar austan við nýja byggingu á byggingarreit K, og aðkoma að tjaldsvæðinu verður eftir nýjum vegslóða sem fer sunnan við Ferðafélagshús. Með þessu losna gestir svæðisins við stöðuga bílaumferð fram hjá tjaldi/skála sínum, í dag geta ferðamenn keyrt að vild inn á milli og upp að öllum byggingum, niður að ánni og eftir árbakkanum alla leið innst í dalverpið. Sá slóði nær alla leið að nýju „glamping“ tjaldsvæði og verður hann minnkaður að umfangi og lokaður almennri umferð. Rekstraraðili mun geta nýtt hann til að þjónusta glamping svæðið og gestir fá að nota hann undir eftirliti til að losa og lesta bíla sína. Bílum verður svo lagt á bílastæðum eru „falin“ bakvið byggingar og vestast á svæðinu vestan við tjaldsvæðið í stað þess að fjöldi bíla sé lagt fyrir framan byggingar ármegin eða á árbakkanum í miðju dalverpinu eins og verið hefur. Þá verður almenn bílaumferð stöðvuð vestan við nýja byggingu og þannig dregur verulega úr umferð innst inni dalverpinu. Með því að losna við

bílaumferð og bíla úr dalverpinu sjálfu er ætlunin að auka frið og ró gesta og tengingu þeirra við náttúruna á meðan þeir dvelja í Ásgarði. Hér á eftir koma líkanmyndir sem sýna útlit fyrirhugaðrar uppbyggingar.



MYND 3.2 Yfirlitsmynd yfir Ásgarð eins og hann lítur út í dag.



MYND 3.3 Líkanmynd af Ásgarði að lokinni uppbyggingu. Nýjar aðkomuleiðir að skálum og tjaldsvæði auka kyrrð og náttúruupplifun gesta á meðan þeir dvelja í Ásgarði.



MYND 3.4 Fyrirhugað útlit kjarnasvæðisins í Ásgarði að lokinni uppbyggingu. Tekið verður fyrir almenna bílaumferð innan svæðisins.

Að lokum mynd úr umhverfismatinu frá 2018 sem sýnir útlit þeirra valkosta sem skoðaðir voru í matinu.



MYND 3.5 Útlit valkosta í umhverfismatinu 2018

Valkostur 2 þótti koma best út úr umhverfismatinu 2018 en þar var þó gert ráð fyrir bílaumferð og bílastæðum í miðju dalverpinu og eftir árbakka Ásgarðsár. Þar var jafnframt horft til þess að vera með eina stóra byggingu í stað fleiri og minni. Heildarumfang bygginga í núverandi breytingartillögu er sambærilegt því sem var skoðað og metið í umhverfismatinu 2018.


3.3.1 Niðurstaða

Þegar horft er til umfang bygginga í nýrri tillögu samanborið við í umhverfismatið 2018, og að breytingartillagan tekur betur á umferð um dalverpið og meðfram Ásgarðsá, auk þess sem að byggingarnar falla betur inn í landslagið, er það mat framkvæmdaraðila að áhrif breytingartillögunnar á landslag og ásýnd séu jákvæð samanborið við fyrri áform

3.4 Gróður

Í tengslum við umhverfismatið 2018 var Náttúrufræðistofnun Íslands fengin til að gera ítarlega úttekt á gróðri í Kerlingarfjöllum [6].

Ásgarður er lítill dalur og ágætlega gróinn meðfram Ásgarðsánni, en melagróður er í hlíðum hans. Á lóð Fannborgar voru haustið 2016 skráðar samtals 87 tegundir æðplantna á 11 stöðvum sem endurspegluðu mismunandi gróðurfélög og landgerðir. Þessar tegundir eru allar algengar fyrir utan fjandafælu sem er að mestu bundin við snjópung svæði sem takmarkar útbreiðslusvæði hennar. Af þeim 87 tegundum æðplantna sem fundust í Ásgarði voru 17 tegundir sem höfðu ekki verið skráðar áður í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands innan athugunarsvæðisins. Má t.d. nefna tegundir eins og tjarnastör og gulstör sem báðar eru hávaxnar starir og eru auðgreinanlegar þar sem þær vaxa í breiðum í mýrum og flóum líkt og í Ásgarði. Engar friðaðar eða æðplöntutegundir á valista fundust, né friðaðar eða mosategundir á valista. Samfelld votlendi í Ásgarði er um 1 ha en til þess að hljóta vernd þarf það að ná 2 ha.



MYND 3.6 Gróðurkort af Ásgarði [6].

Á myndinni hér að ofan má sjá gróðurkort af Ásgarði og með því að bera saman við myndina hér að neðan má sjá hvaða gróður byggingarreitirnir ná yfir. Rask á þessum byggingarreitum er óafturkræft og varanlegt.

mýrinni (U5) norðan við núvarandi staðsetningu Nípanna. Mýrarsvæðið næst byggingunum mun því raskast mun minna nái breytingartillagan fram að ganga. Ný aðkoma að tjaldsvæðinu mun þó fara í gegnum nyrsta hluta mýrarinnar.

Aðrar breytingar eru á gróðurlausu eða lítt grónu landi og hafa vart merkjanleg áhrif á gróður.

3.4.1 Niðurstaða

Ný aðkoma að tjaldsvæðinu mun vissulega skerða votlendi að hluta en það vegur upp á móti því að mýrin í hjarta dalverpisins verður raskað mun minna og einungis í jaðrinum nái tillagan fram að ganga. Votlendið er jafnframt þegar raskað eftir athafnir og umsvif síðustu áratuga. Áhrif á gróður eru því metin óveruleg.

3.5 Jarðmyndanir

Í tengslum við umhverfismatið 2018 var Náttúrufræðistofnun Íslands fengin til að gera ítarlega úttekt á jarðmyndunum í Kerlingarfjöllum [6]. Í Ásgarði eru tvær jarðmyndanir með miðlungs verndargildi og segir um þær í skýrslunni:

„Setmyndun í Árskarðsöldum: Þykk og mikil setmyndun frá ísöld. Hún hefur lítið verið rannsökuð en þó er ljóst að hún er áhugaverð myndun úr lóna- og straumvatnaseti sem hugsanlega tengist gosum í jökli. Setmyndunin er óröskuð að mestu og hefur miðlungs verndargildi.

Árskarðsá: Landmótun á nútíma, gljúfurmyndun og aurburður, sem hefur miðlungs verndargildi. Ferlinu hefur verið raskað með vatnsaflsvirkjun í Sælufossi rétt neðan við Ásgarð.“

Í samantekt skýrslunnar segir svo:

„Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðminjar verða lítil sem engin og engin bein áhrif verða á jarðminjar með hátt eða mjög hátt verndargildi. Jarðminjar í og við Ásgarð sem hugsanlega geta orðið fyrir beinum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum eru annars vegar þykk setlög í Árskarðsöldum sem Árskarðsá hefur grafið út og hins vegar Árskarðsá sjálf, sem virkt ferli landmótunar á nútíma með rofi, gljúfurmyndun, aurburði og aurum. Afar ólíklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi nokkur áhrif á setlögin í Árskarðsöldum. Í tengslum við framkvæmdina er fyrirhuguð talsverð efnistaka í inntakslóni virkjunarinnar í Árskarðsá.“

Breytingartillagan hefur engin áhrif á þessar tvær jarðmyndanir umfram það sem gildandi skipulag gerir ráð fyrir. Breytingartillagan kallar ekki á meiri efnistöku en þá sem þegar hefur verið lýst og fjallað um í umhverfismati.

3.5.1 Niðurstaða

Breytingartillagan hefur lítil áhrif á jarðmyndanir og engin áhrif umfram núverandi skipulag og það sem þegar hefur farið í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum. Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg.

3.6 Minjar

Minjaskráning hefur farið fram í Kerlingarfjöllum á vegum verkefnisstjórnar um rammaáætlun [7]. Mat á umhverfisáhrifum, frá árinu 2018, byggir á þessum gögnum sem lágu fyrir þegar vinna við mat á umhverfisáhrifum hófst. Við vettvangskönnun í september 2008 voru tvær vörður skráðar. Nyrðri varðan er norðvestan við Keis, við vegarslóða. Syðri varðan er vestan utan í Keis, rétt við bíslóðann sem liggur í Hveradali. Fram kemur að líklegt sé að vörðurnar hafi upphaflega verið hlaðnar í tengslum við umsvif Ferðafélags Íslands á staðnum. Vegurinn til Kerlingarfjalla var fyrst ruddur árið 1937 og skáli félagsins reistur 1937-38.

Minjastofnun Íslands telur að fullnægjandi úttekt hafi verið gerð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að fornleifum muni ekki stafa hættu af þeim, sbr. umsögn Minjastofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar uppbyggingar hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum dags. 4. maí 2015.

Minjarnar sem fundust á svæðinu eru taldar hafa lágt minja- og varðveislugildi. Ekki er talin ástæða til sérstakra mótvægisáðgerða. ur 1937-38.

3.6.1 Niðurstaða

Breytingartillagan hefur engin áhrif á fornminjar.

3.7 Ferðaþjónusta og ferðamenn

Í umhverfismatinu 2018 var einkum stuðst við viðhorfskönnun um uppbyggingu í Kerlingarfjöllum sem var gerð meðal hagsmunaaðila árið 2017 og þolmarkarannsókn á Kerlingarfjöllum frá árinu 2015. Í matinu var ítarleg umfjöllun um ferðamennsku í Kerlingarfjöllum, upplifun gesta, ágang á náttúru og þolmörk svæðisins.

Ekki er fyrirhugað að fjölga gistirýmum að ráði umfram núverandi gistiframboð eða þau áform sem fram komu í valkosti 2 í umhverfismatinu heldur eingöngu breyta samsetningu og nýtingu gistirýma. Þannig verður t.d. Nýpum, sem áður hýstu gesti í uppábúnum rúmum, breytt í svefnpokagistingu sem og hluta Öldunnar. Þá verður annar hluti Öldunnar gerður að starfsmannarými. Núverandi áform um uppbyggingu miða þannig ekki við að fjölga verulega gistirýmum, né heldur að fjölga uppábúnum rúmum frá því sem nú er og er langt frá þeim hugmyndum sem voru settar fram í valkosti 2. Það er því ekki verið að auka ágang á svæðið eða fjölga ferðamönnum frá því sem gert var ráð fyrir í umhverfismatinu. Núverandi áform um uppbyggingu miða ekki við að fjölga gistirýmum verulega, heldur frekar að fjölga þeim rýmum sem geta hýst gesti allt árið um kring. Fyrirhuguð breytingartillaga rúmast því vel innan þeirrar umfjöllunar sem var að finna í umhverfismatinu 2018 og verður ekki bætt við hana hér.

Áratugalöng hefð er fyrir vetrarferðamennsku í Kerlingarfjöllum og verður þeirri sögu haldið lifandi með starfsemi yfir veturinn, ekki samfelldri þó. Vetrarferðir verða á meðan jörð er frosin og koma gestir á vegum Fannborgar í bílum Fannborgar, ekki á einkabílum. Umferð mun byggjast á breyttum fjallajepnum og snjósleðum, líkt og segir í umfjöllun í umhverfismatinu frá 2018. Lágmarks starfsemi undir eftirliti verður á vorin þegar frost er að fara úr jörðu. Eldri byggingar eru margar komnar til ára sinna og nýjar byggingar munu bæta aðstöðu yfir vetrartímam til muna, en mörg húsanna voru reist upp úr miðri síðustu öld og hefur hönnun, efnisval og frágangur tekið miklum framförum síðan þá.

TAFLA 3.1 Fjöldi og samsetning gistirýma m.v. mismunandi valkosti í umhverfismatinu 2018, núverandi aðstöðu og fyrirhugaða breytingartillögu.

TEGUND GISTINGAR	VALKOSTUR	VALKOSTUR	VALKOSTUR	VALKOSTUR	NÚVERANDI	NÝ TILLAGA
	1	2	3	4		
	MÁU 2018	MÁU 2018	MÁU 2018	MÁU 2018		
Gistirými fyrir starfsmenn og eigendur	29	29	38	24	21	28
Gistirými í útleigu alls – skiptist í a og b:	138	150	279	296	146	156
<i>a. Svefnpokapláss</i>	58	30	30	60	58	70
<i>b. Uppábúið</i>	80	120	249	236	88	86
Heildarfjöldi gistirýma	167	179	317	320	167	184

Í kafla 2.2.1 er farið ítarlega yfir það hvernig starfsemin í Ásgarði fellur undir skilgreiningu landsskipulagsstefnu á hálendismiðstöð.

Jákvæð ásýndaráhrif og meira aðlaðandi hálendismiðstöð í Ásgarði, eins og lýst var í kafla 3.3, er líkleg til að auka á jákvæða upplifun gesta. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að í nýlegu húsi sem nefnist Aldan verði starfsmannarýmum fjölgað þar sem að aukin starfsemi yfir vetrarmánuði mun kalla á betri aðstöðu fyrir starfsmenn. Þróun ferðamennsku og útivistariðkunar Íslendinga er þannig að starfsemin er allt árið um kring. Yfir veturinn hefur orðið mikil aukning í gönguskíðum og annarri skíðamennsku sem passar vel við sögu Kerlingarfjalla, en þar er rík hefð fyrir skíðaferðum á veturna og fram á vor.

3.7.1 Niðurstaða

Þegar horft er til þess að heildarfjöldi gistirýma stendur svo til í stað, komið er til móts við óskir ferðamanna um fleiri uppábúin rúm, upplifun þeirra í Ásgarði batnar og aðstaða ferðamanna til heimsóknar í Kerlingarfjöll yfir vetrartímam verður bætt er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á ferðapjónustu og ferðamennsku séu jákvæð samanborið við valkost 2 í umhverfismatinu og núverandi ástand.

4 SAMANTEKT

Í heildina litið er talið að fyrirhuguð breytingartillaga muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þegar litið er til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tafla 4.1 sýnir yfirlit yfir áhrif vegna framkvæmdarinnar.

TAFLA 4.1 Yfirlit yfir umhverfisáhrif vegna breytingar á deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.

VIÐMIÐ SKV. 2 VIÐAUKA LAGA UM MAT Á UMHVRFISÁHRIFUM	HELSTU UPPLÝSINGAR SEM TENGJAST FRAMKVÆMD
1. Eðli framkvæmdar	<ul style="list-style-type: none">• Breyting á skipulagi framkvæmdar sem þegar hefur lokið mati á umhverfisáhrifum• Færsla á byggingarreitum og uppröðun mannvirkja• Færsla á vegi og framkvæmd á nýjum aðkomuvegi fyrir tjaldstæði
2. Staðsetning framkvæmdar	<ul style="list-style-type: none">• Kerlingarfjöll í Hrunamannahreppi• Friðlýst svæði• Framkvæmdasvæðið er mikið raskað og fjöldi mannvirkja á svæðinu nú þegar
3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar	<ul style="list-style-type: none">• Framkvæmdasvæðið raskast varanlega en er þó að hluta nú þegar raskað. Þar er fábreyttur gróður og fábreytt fuglalíf.• Færsla byggingarreita minnkar það votlendi sem fer undir byggingar samanborið við fyrri áform og gildandi deiliskipulag.• Nýtt umferðarskipulag eykur kyrrð og ró• Nýtt umferðarskipulag bætir ásýnd með því að færa bílastæði úr hjarta dalsins• Jákvæð áhrif á ásýnd og landslag og ferðamennsku• Óveruleg áhrif á gróður og jarðmyndanir• Engin áhrif á fornleifar

5 HEIMILDASKRÁ

- [1] Steinsholt, „Hrunamannahreppur - Aðalskipulag 2016-2032,“ Hrunamannahreppur, Flúðir, 2017.
- [2] Umhverfisstofnun, „Náttúruminjaskrá - Suðurland,“ 2021. [Á neti]. Available: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>. [Skoðað 2021 október 21].
- [3] Umhverfisstofnun, „Friðlýst svæði - Kerlingarfjöll,“ 2021. [Á neti]. Available: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/kerlingarfjoll/>. [Skoðað 2021 október 21].
- [4] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, „Auglýsing um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum,“ Stjórnartíðindi B-deild nr. 822/2020, Reykjavík, 2020.
- [5] Landmótun, „Miðhálandi Íslands - Svæðisskipulag 2015 - Greinargerð,“ Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun, Reykjavík, 1999.
- [6] Kristján Jónasson og Rannveig Thoroddsen, „Kerlingarfjöll - Gróðurfar og jarðminjar,“ Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær, 2016.
- [7] Þór Hjaltalín, „Hveravellir og Kerlingarfjöll - Fornleifaskráning,“ Fornleifavernd ríkisins - Unnið fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar, Reykjavík, 2008.